

✉ Re: Aukin vatnsvinnsla úr Hlíðarendalindum, Sveitarfélaginu Ölfusi

Búið til	22.11.2021 14:45:24
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	22.11.2021 14:45:22
Tilheyrir	 202110-0037 - Aukin vatnsvinnsla úr Hlíðarendalindum, Sveitarfélaginu Ölfusi

Efni

Re: Aukin vatnsvinnsla úr Hlíðarendalindum, Sveitarfélaginu Ölfusi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	22.11.2021 14:45:22	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202110-0037 (SS, LA).

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 25. október 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar IWH um breytingu á vatnstöku í Hlíðarendalindum í Ölfusi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu tilkynningunni og telur ekki að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Stefnt er að aukningu á nýtingu grunnvatns úr Hlíðarendalindum úr 30 L/s í 70 L/s. Er það umtalsverð aukning en grunnvatnsrennsli á lindasvæðinu hefur verið vakt að vandlega frá því nýting IWH hófst árið 2008 m.a. með sírita á vatnsrennsli og stöðu vatnsborðs, og ekkert bendir til þess að grunnvatnshlotið þoli ekki þessa aukningu enda áætlað heildarrennsli nálægt 120 L/s. Vöktun hefur ekki sýnt fram á neinar langtímabreytingar á vatnsmagni á svæðinu og ekki er líklegt að komi til slíkra breytinga með áætlaðri aukningu. Þá er greint frá mótvægisáðgerðum sem gripið verður til ef þörf þykir til að sporna við óæskilegum breytingum á vatnsstöðu. Ekki hefur verið þörf á neinum slíkum áðgerðum hingað til. Þá hefur verið gripið til mótvægisáðgerða til að sporna við mögulegum breytingum á gróðri við Hlíðarendalæk.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórdís Stella Erlingsdóttir" <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Aukin vatnsvinnsla úr Hlíðarendalindum, Sveitarfélaginu Ölfusi

Date: 25.10.2021 09:54:05

Góðan dag,

Icelandic Water Holdings ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin 22. október 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19.gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Náttúrufræðistofnun Íslands telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Náttúrufræðistofnun Íslands telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 23. nóvember 2021 á tölvupóstföngin:
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is (<mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>) og
skipulag@skipulag.is (<mailto:skipulag@skipulag.is>).

Með kveðju,

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



Viðhengi

image001.jpg (9 KB)

image002.png (5 KB)